



Byggingarlýsing

Gólf:

Gólfbitar eru 45x145 mm c/c 600 mm. Gólf er klætt með 21 mm nótuðum gólfborðum. Gert er ráð fyrir að einangrun í gólfi sé 145 mm steinull.

Veggir:

Timburgrind er 45x95 mm, klædd að utan með 9 mm krossvið. Á útveggi koma lóðréttar 21x45 mm lektur og utan á þær koma 25x45 mm láréttar lektur. Útveggir eru klæddir með 21 mm standandi og ýfðum greniborðum. Gert er ráð fyrir að einangrun í veggjum sé 95 mm steinull. Gert er ráð fyrir að á innveggi sé sett 34 mm lagnagrind og hún klædd með 12 mm innanhúsklæðningu.

Þak:

Þaksperrur eru 45x145 mm. Þak er klætt með 21 mm nótuðum greniborðum. Gert er ráð fyrir 120 mm steinull sem einangrun í þakið. Endanlegt þakefni er undir kaupanda komið.

Annað: Einangrun, lagnagrind, klæðning að innan og þakefni fylgir ekki með húsinu.

Allur burðarviður er CE vottaður og í styrktarflokk C24.